

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2002-2014.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 2. febrúar 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2002-2014, frá 20. apríl 2004.

Breytingin felst í lagningu ljósleiðara frá Kröflu að tengivirki Kárahnjúkavirkjunar í Fljótsdal, innan sveitarfélagsmarka Fljótsdalshrepps.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 2. febrúar 2007.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Ingibjörg Halldórsdóttir.*